

1872.

3. ágúst.

inni. Með því nú fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur eru útkljáð fyrir fullt og allt með lögum 2. janúar 1871, og þá um leið það, sem hinn almenni skólasjóður átti hjá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem við lok fjárhagsársins 1870—71 var 21,611 rd. 12 sk., er gefið upp, án þess að það, sem skuldabréfin hljóða uppá, sé komið uppí skuldina, virðist stjórnarráðinu mjög efasamt, hvort eigi uppgjöf þessi verði talin sem borgun, en ef svo er, hefir skólinn á Íslandi eða nú í hans stað lands-sjóðurinn, sem öll útgjöld við skólann eru greidd úr, rétt til þess að heimta að skuldabréfin verði seld fram.

Áður en frekara verður gjört við þetta mál, mælumst vèr til, að kirkju- og kennslustjórnin láti til álit sitt um það.

3. ágúst.

76. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um holdsveiki.

Sökum þess að það er örðugleikum bundið, að fá skýrslur þær hjá héraðslæknum um holdsveiki á Íslandi og tölu holdsveikra manna þar, sem með þarf til þess að gjöra ráðstafanir, sem kynni þurfa til að taka, til að sporna við veiki þessari, hefir dómsmálastjórnin eptir undirlagi hins konunglega heilbrigðisráðs borið upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún mundi fús til að koma því til leiðar, að prestum á Íslandi verði skipað að senda landlækninum árlega skýrslur um holdsveika menn, sem sé ritaðar á eyðublöð, sem til þess verða samin.

Útaf þessu sendum vèr yður, háæruverðugi herra, nokkur exemplör af eyðublöðum þessum, og mælumst vèr til að þèr útbýtið þeim meðal allra presta á Íslandi, og leggið þeim fyrir, að rita skýrslurnar á eyðublöðin og senda þær árlega landlækni, og skal það gjört í fyrsta skipti 1. janúar n. á.

Skýrsla

um

hold sveika menn í

sókn í

sýslu

fyrir árið 18

í

umdæmi Íslands,

Heiti sjúklingsins, aldur, hvort giptur eða ógiptur.	Heimili.	Hvort sjúklingurinn hafi holdsveiki eða limafallssýki.	Á hvaða aldursstigi veikin kom fram.	Afvinnumvegur, bústaður, lífnaðarháttur og hagar sjúklingsins að öðru leyti.	Hvort vist sé, að foreldrar eða nánustu skyldmenni hafi haft holdsveiki.

Athugasemd. Menn, sem hafa skyrhjóg skal eigi telja með holdsveikum, og sé nokkur efi á því, skal prestur bera það undir héraðslækni.